

Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um sprengjuleit.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Hve miklu fé hefur ríkissjóður varið til sprengjuleitar í Írak og hver hefur árangurinn orðið?
2. Hve miklu fé hefur ríkissjóður varið til sprengjuleitar á fyrrverandi æfingasvæði varnarliðsins í Vatnsleysustrandarhreppi og hver hefur árangurinn orðið?
3. Hve miklu fé hefur ríkissjóður varið til sprengjuleitar á öðrum stöðum á Íslandi?
4. Telur ráðherra ekki þörf á að efla leit að sprengjum og eyðingu þeirra á þeim stöðum á Íslandi þar sem vitað er að sprengjur kunna að leynast?
5. Hver ber ábyrgð á leit að sprengjum og eyðingu þeirra á gömlum athafna- og æfingasvæðum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli?